



Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002-2007



HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 2002

**Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu
2002-2007**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2001
Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007
Langtíamarkmið í heilbrigðismálum

Umsjón: Áætlana- og þróunarskrifstofa

Hönnun og umbrot: XYZETA/SÍA

Prentun: Svansprent

Upplag: 500

ISBN 9979-872-25-X

Efnisyfirlit

Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002-2007	5
Samantekt	5
1. Inngangur	5
2. Framtíðarsýn	6
2.1 Áherslur í öldrunarþjónustu	6
2.2 Mat á þjónustubörf	6
2.3 Þörf fyrir hjúkrunarrými á landsvísu	6
2.4 Þörf fyrir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu	6
2.5 Heildarmat á þörf fyrir hjúkrunarrými	7
3. Staða öldrunarmála á landinu	7
3.1 Inngangur	7
Þjónustuhópur aldraðra og mat á vistunarbörf	7
Greiðslur til dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra	8
Framkvæmdasjóður aldraðra	8
3.2 Reykjavík	8
3.3 Vesturland	9
3.4 Vestfirðir	9
3.5 Norðurland vestra	9
3.6 Norðurland eystra	9
3.7 Austurland	9
3.8 Suðurland	9
3.9 Reykjanes	10
Fylgiskjal 1. Áætlun um framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002-2007 (samtals á landinu öllu)	11
Fylgiskjal 2. Áætlun um framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002-2007 (eftir landshlutum og bæjarfélögum)	12
Fylgiskjal 3. Áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma 2002-2007 og fyrirhugaða staðsetningu þeirra	14
Fylgiskjal 4. Yfirlit yfir þjónustuhópa á landinu og stofnanir á starfssvæðum þeirra	16
Fylgiskjal 5. Reglugerð nr. 791/2001 um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra ...	18
Fylgiskjal 6. Framreiknuð þörf fyrir hjúkrunarrými fyrir landið í heild og fyrir höfuðborgarsvæðið til ársins 2030 (línurit)	21
Fylgiskjal 7. Upplýsingar um öldrunarstofnanir á landinu og þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna	22

Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002-2007

Samantekt

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að taka þurfi í notkun 400–450 ný hjúkr-unarrými fram til loka ársins 2007, langflest á höfuðborgarsvæðinu. Verði unnt að efla þjónustu við aldraða utan stofnana og skapa skilyrði til þess að fólk geti búið lengur á eigin heimilum má gera ráð fyrir að nægjanlegt verði að taka í notkun 20–30 ný hjúkr-unarrými árlega frá árinu 2008 til ársloka 2010. Í þeirri áætlun sem hér er lögð fram er að auki gert ráð fyrir endurnýjun og endurbótum á húsnæði á ýmsum stöðum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkr-unar- og dagvistarrýma á tímabilinu 2002–2007 muni á verðlagi þessa árs nema tæpum 6,6 milljörðum kr.

1. Inngangur

Verulega skortir á uppbyggingu stofnanaþjónustu fyrir aldraða hér á landi. Staðan er þó misjöfn eftir landshlutum og víða á landsbyggðinni fullnægir framboð stofnanaþjónustunnar eftirspurninni að mestu eða öllu leyti. Vandinn er hins vegar gífurlegur á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær) en þar vantar 281 hjúkr-unarrými til að mæta þörfum aldraðra sem nú eru metnir í mjög brýnni þörf fyrir vistun á stofnun. Á landsvísi vantar samtals 326 ný hjúkr-unarrými til að mæta eftirspurn eftir vistun fyrir aldraða sem eru í mjög brýnni þörf fyrir stofnanavistun. Í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram er gert ráð fyrir að á árunum 2002–2007 verði komið á fót 400–450 nýjum hjúkr-unarrýmum á landinu, þar af um 350 á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tímabili verði dagvistarrýmum fjölgað um 135 á landinu öllu.

Ef litíð er til framtíðar með hliðsjón af mannfjöldaspám og breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar er augljóst að á komandi árum mun þörf fyrir stofnanaþjónustu aldraðra aukast mun hraðar en hingað til, einkum á seinni hluta annars áratugar þessarar aldar, allt til ársins 2030.

Það er brýnt forgangsverkefni að leysa þann mikla vanda sem heilbrigðisþjónustan, sjúkralíðir og aðstandendur þeirra standa nú frammi fyrir vegna mikils skorts á hjúkr-unarrýmum fyrir aldraða. Samtímis þarf að huga að uppbyggingu stofnana aldraðra til lengri tíma litíð og gera áætlunir til að mæta aukinni þörf fyrir stofnanaþjónustu á næstu árum og áratugum með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar.

Hlutfall aldraðra á öldrunarstofnunum er mun hærra hér á landi en hjá nágrannaþjóðum okkar, en

hefur heldur lækkað á undanförunum árum. Í *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010, langtímaáætlun í heilbrigðismálum* (samþykkt á Alþingi 20. maí 2001) er stefnt að áframhaldandi lækkun hlutfalls aldraðra á öldrunarstofnunum. Við áætlanagerð um uppbyggingu stofnana fyrir aldraða er eðlilegt að taka mið af þessu markmiði og leggja megináherslu á uppbyggingu hjúkr-unarrýma fyrir aldraða sem eru of lasburða til þess að mögulegt sé að mæta þörfum þeirra með öðrum úrræðum en stofnanavist.

Markmið heilbrigðisáætlunarinnar, þ.e. að lækka hlutfall aldraðra sem þurfa að dveljast á stofnunum, eru í góðu samræmi við lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, en í 1. gr. þeirra segir: „Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.“

Til að markmið um lægra hlutfall aldraðra á stofnunum náist er nauðsynlegt að styrkja enn frekar þjónustu við aldraða í heimahúsum og bæta skipulag og samhæfingu úrræða á öllum þjónustustigum. Meðal leiða sem lagðar eru til í *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010* eru:

- Heilsueflandi aðgerðir og aukin sjúkra- og iðjuþjálfun fyrir aldraða.
- Efling og aukið samstarf og samhæfing heimilishjálpar, heimaþjónustu heilsugæslu, öldrunarþjónustu sjúkrahúsanna og hjúkr-unar- og dvalarheimila, með sérstakri áherslu á teymisvinnu.
- Aukið framboð á dagvistun, heimaþjónustu

heilsugæslunnar, þar sem áhersla er lögð á sjö daga sólarhringsþjónustu og skammtímainnlagnir.

Dagvistun gerir kleift að veita öldruðum nauðsynlega þjónustu sem ekki er unnt að veita í heimahúsum en hjálpar þeim að dveljast utan stofnunar. Þessi þáttur kallar á daggjöld sem tíunduð eru í kostnaðaryfirliti (*sjá fylgiskjal 1, Áætlun um framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002–2007*), enda er dagvistun aðeins ætluð þeim sem þjónustuhópur aldraðra hefur metið í þörf fyrir þessa þjónustu. Í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram er gert ráð fyrir að bætt verði við 135 nýjum dagvistarrýmum á árunum 2002–2007.

Allir framgreindir þjónustubættir ásamt margvíslegri sjálfböðavinnu verða til þess að veita öldruðum fleiri virkari ár heima áður en til stofnanþjónustu kemur en um hana fjallar þessi skýrsla aðallega.

2. Framtíðarsýn

2.1 Áherslur í öldrunarþjónustu

Í Heilbrigðisáætlun til 2010 er lögð áhersla á að eitt helsta verkefni öldrunarþjónustu á næstu árum verði að þróa og samhæfa allt þjónustunet aldraðra; heimilishjálp og heimahjúkrun, öldrunarlækningadeildir og stofnanavistun. Jafnframt þurfa skammtímainnlagnir að vera mögulegar til að mæta tímabundnum félagslegum þörfum hins aldraða og ummönnunaradila hans. Á þann hátt ættu að skapast betri forsendur fyrir því að eldri borgarar geti með viðeigandi stuðningi búið á heimilum sínum utan stofnana og tekið virkan þátt í daglegu lífi.

Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk sem er í mjög brýnni þörf verði ekki lengri en 90 dagar. Jafnhliða er talið mikilsvert að unnið verði að því að mæta þörf fyrir vistun í þjónusturýmum með öðrum úrræðum en vistun á stofnun. Heilbrigðisþjónustan verður í auknum mæli að beina kröftum sínum að því að fyrirbyggja ýmsa óæskilega fylgifiska ellinnar og bregðast við ýmiss konar félagslegum og heilsufarslegum vanda með margþættum stuðningsaðgerðum og endurhæfingu.

Eitt stærsta vandamál Landspítala-háskólasjúkrahúss er að hjúkrunarsjúklingar vistast oft of lengi á

dýrustu og sérhæfðustu deildum sjúkrahúsanna vegna þess að ekki eru til staðar viðeigandi úrræði fyrir þá. Á liðnum árum hafa 60–80 hjúkrunarsjúklingar að jafnaði verið í rýmum sem ekki voru talin í samræmi við þjónustubörf þeirra. Skjótra úrlausna er því þörf til að tryggja eðlilega tilfærslu sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins.

Í upphafi nýrrar aldar stöndum við frammi fyrir skorti á ýmsum hópum heilbrigðisstarfsfólks, ójafnvægi milli sérgreina og heilbrigðisþjónustan á í vaxandi samkeppni við aðrar atvinnugreinar. Mikill skortur hefur verið á hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ófaglærðu starfsfólki til starfa í öldrunarþjónustu um allt land. Það er því mikilvægt að markvisst verði unnið að því að efla menntun heilbrigðisstétta og gera störf í öldrunarþjónustu eftirsóknarverðari þannig að unnt verði að manna öldrunarstofnanir með hæfu starfsfólki í framtíðinni.

2.2 Mat á þjónustubörf

Í heilbrigðisáætluninni hefur verið sett sem markmið að yfir 75% fólks 80 ára og eldra verði við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið á eigin heimilum utan stofnana. Það felur í sér að ekki fleiri en 25% íbúa í umræddum aldurshóp vistast að jafnaði á öldrunarstofnunum.

Spár um þróun íbúafjölda og fjölda aldraðra gera ráð fyrir að íbúum landsins fjölgi í heild um 5% til ársins 2010. Á sama tíma mun íbúum 65 ára og eldri fjölga um 11% og íbúum 80 ára og eldri um 29%. Hlutfallsleg fjölgun aldraðra eykst enn á öðrum og þriðja áratug aldarinnar. Í forsendum heilbrigðisáætlunar er miðað við að 25% 80 ára og eldri vistast að jafnaði á öldrunarstofnunum.

Um árabíl hefur farið fram skipulegt mat á vistunarþörf aldraðra hér á landi og eru einstaklingar á biðlistum flokkaðir í eftirtalda þrjá flokka: með þörf, með brýna þörf og með mjög brýna þörf.

2.3 Þörf fyrir hjúkrunarrými á landsvísu

Samkvæmt vistunarmati er á þessu ári talin þörf fyrir 2.488 hjúkrunarrými á landsvísu. Í notkun eru 2.162 rými, þannig að nú skortir 326 hjúkrunarrými á öllu landinu. Að öllu óbreyttu mun þessi tala hækka í 437 rými árið 2005, 468 rými árið 2007 og 554 rými árið 2010.

Miðað við þau markmið heilbrigðisáætlunar að ekki dveljist hærra hlutfall en 25% 80 ára og eldri á öldrunarstofnunum, er hins vegar í heild til nægjanlegur fjöldi hjúkrunarrýma á landinu, eða 203 rými umfram viðmið hennar, og mun svo verða fram til ársins 2005. Að öllu óbreyttu er hins vegar talið að árið 2010 muni skorta 332 hjúkrunarrými.

Tafla 1. Hjúkrunarrými á landsvísu

	2001	2005	2007	2010
Heildarþörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati	2.488	2.599	2.630	2.716
Heildarþörf fyrir hjúkrunarrými miðað við heilbrigðisáætlun	1.959	2.231	2.337	2.494
Fjöldi hjúkrunarrýma	2.162	2.162	2.162	2.162
Mismunur milli heildarþarfar og núverandi framboðs hjúkrunarrýma -	326	- 437	- 468	- 554
Mismunur milli heilbrigðisáætlunar og núverandi fjölda hjúkrunarrýma +	203	- 69	- 175	- 332

2.4 Þörf fyrir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt vistunarmati er á þessu ári talin þörf fyrir 1.440 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Í notkun eru 1.159 rými, þannig að nú skortir 281 hjúkrunarrými til að uppfylla þá þörf sem er fyrir hendi. Að öllu óbreyttu mun þessi tala hækka í 368 rými árið 2005, 398 rými árið 2007 og 470 rými árið 2010.

Miðað markmið heilbrigðisáætlunar vantar nú 35 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu til þess að fjöldi þeirra geti talist nægjanlegur. Árið 2005 mun hins vegar að öllu óbreyttu skorta 246 hjúkrunarrými, 334 rými árið 2007 og árið 2010 verður þessi tala komin upp í 462 rými.

Við uppbyggingu hjúkrunarrýma er eðlilegt hafa markmið heilbrigðisáætlunarinnar til hliðsjónar. Þau eru hins vegar langtímamarkmið sem kalla á uppbyggingu og eflingu öldrunarþjónustunnar í heild og gera ráð fyrir að þjónusta við aldraða utan stofnana verði aukin til muna.

Tafla 2. Hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu

	2001	2005	2007	2010
Heildarþörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati	1.440	1.527	1.557	1.629
Heildarþörf fyrir hjúkrunarrými miðað við heilbrigðisáætlun	1.194	1.405	1.493	1.621
Núverandi fjöldi hjúkrunarrýma	1.159	1.159	1.159	1.159
Mismunur milli heildarþarfar og núverandi framboðs rýma	- 281	- 368	- 398	- 470
Mismunur milli heilbrigðisáætlunar og núverandi fjölda hjúkrunarrýma	- 35	- 246	- 334	- 462

2.5 Heildarmat á þörf fyrir hjúkrunarrými

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, með hliðsjón af markmiðum heilbrigðisáætlunar og aðgerðum til að draga úr vistun á stofnunum, að gera megi ráð fyrir að taka þurfi í notkun 400–450 ný hjúkrunarrými fram til loka ársins 2007, langflest á höfuðborgarsvæðinu.

Á árunum eftir 2007 og til loka árs 2010 þarf samkvæmt framreikningi og að óbreyttum forsendum að taka 30–40 ný hjúkrunarrými í notkun árlega eða alls um 500 hjúkrunarrými á tíu árum. Takist hins vegar að efla utanstofnanaþjónustu og skapa skilyrði til þess að fólk geti búið lengur á eigin heimilum má gera ráð fyrir að nægjanlegt verði að taka í notkun 20–30 hjúkrunarrými árlega frá 2007 til ársloka 2010.

Í þessari skýrslu er nánar gerð grein fyrir stöðu öldrunarmála á landinu í heild og eftir landsvæðum. Þar er jafnframt að finna yfirlit um fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur á nýjum hjúkrunarrýmum á tímabilinu 2002–2007. Þar er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður við framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunarrýma og dagvistarrýma muni á verðlagi þessa árs nema tæplega 6,6 milljörðum kr. (*sbr. fylgiskjal 1, Áætlun um framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002–2007*).

3. Staða öldrunarmála á landinu

3.1 Inngangur

Þjónustuhópur aldraðra og mat á vistunarþörf Í samræmi við reglugerð nr. 791/2001 um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra (fylgiskjal 5) starfa um land allt þjónustuhópar aldraðra sem m.a.

sjá um mat á vistunarþörf aldraðra, nema í Reykjavík þar sem sérstakur matshópur gegnir þessu hlutverki. Þjónustuhópar skulu starfa í hverju heilsugæsluumdæmi en sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp sé það talið hagkvæmt. Þjónustuhópar á landinu eru samtals 44 að meðtöldum matshópi í Reykjavík (sjá fylgiskjal 4. Yfirlit yfir þjónustuhópa og stofnanir á starfssvæðum þeirra).

Þjónustuhóparnir sinna fleiri verkefnum en að sjá um vistunarmat aldraðra, en þau eru:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Samkvæmt reglugerð nr. 791/2001 getur aldraður einstaklingur ekki vistast á öldrunarstofnun fyrr en þörf hans fyrir vistun hefur verið metin. Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal á starfssvæði sínu halda sérstaka vistunarskrá yfir þá einstaklinga sem að loknu vistunarmati eru taldir hafa þörf fyrir vistun á stofnun. Ársþriðjungslega ber þjónustuhópunum (matshópi í Reykjavík) að senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um fjölda einstaklinga á vistunarskrá. Þar skal koma fram fjöldi þeirra sem hafa þörf fyrir vistun í dvalarrými annars vegar og fjöldi þeirra sem þurfa á hjúkrunarrými að halda hins vegar. Jafnframt skulu þessar upplýsingar flokkaðar eftir því hvort viðkomandi eru í þörf, brýnni þörf eða mjög brýnni þörf fyrir stofnavistun.

Þegar stofnanir veita vistrými skulu þær sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið í mjög brýnni eða brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými. Mikilvægt er að vistunarmat sé virt, þ.e. að einstaklingar í mestri þörf fyrir vistun njóti ávallt forgangs.

Greiðslur til dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra
Greiðslur vegna reksturs dvalar- og hjúkrunarrýma aldraðra eru blandaðar, þ.e. ýmist eru greidd daggjöld fyrir hvern vistmann eða stofnanir eru á föstum fjárlögum. Fyrri hluta ársins 2000 var stigið fyrsta skrefið í þá átt að ákvarða greiðslur til hjúkr-

unarheimila í samræmi við hjúkrunarþyngd sjúklunga. Samkvæmt því er rekstardagjald að hluta byggt á hjúkrunarþyngdarstuðli samkvæmt svokölluðum RAI-hjúkrunarmælingum. RAI-mælikerfið er enn í þróun en þegar það er fullbúið er æskilegt að allar stofnanir sitji við sama borð og fái greidd daggjöld í samræmi við hjúkrunarþyngd sjúklunga.

Daggjaldagreiðslur vegna dvalarrýma aldraðra eru þær sömu til allra dvalarheimila, óháð umönnunarþyngd vistmanna. Á liðnum árum hefur þróunin verið í þá átt að umönnunarþörf þeirra sem vistast á dvalarheimilum hefur þyngst, einkum á svæðum þar sem skortur er á hjúkrunarrýmum. Þar sem daggjöldin taka ekki mið af því hve mikla umönnun vistmenn þurfa er rekstur dvalarheimila afar erfiður. Mikilvægt er að sem fyrst verði teknar upp mælingar á umönnunarþyngd vistmanna á dvalarheimilum, sambærilegar RAI-mælingum á hjúkrunarheimilum, og að daggjöld verði ákveðin í samræmi við umönnunarþyngd. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að hvetja til þess að við vistun á dvalarheimilum gangi þeir ávallt fyrir sem eru í mestri vistunarþörf en að annarra úrræða sé leitað fyrir þá sem hafa lágt vistunarmat og geta verið heima með viðeigandi stuðningi.

Á þéttbýlustu stöðum landsins er dvalarheimilisþátturinn mjög á undanhaldi þar sem þjónusta við aldraða í heimahúsum hefur aukist verulega.

Framkvæmdasjóður aldraðra

Með lögum nr. 49/1981 var stofnaður Framkvæmdasjóður aldraðra en hlutverk hans er að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og byggingu húsnæðis fyrir aldraða. Stjórn sjóðsins er í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra, sem starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Tekjur sjóðsins eru af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignaskatt. Heilbrigðisráðherra ákveður úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði aldraðra að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

Samkvæmt reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra skal sjóðsstjórn styðjast við eftirfarandi meginreglur:

1. Styrkur til þjónustumiðstöðva aldraðra og dagvistar má nema allt að 20 af hundraði heildarkostnaðar.
2. Styrkur til þjónustuhúsnæðis aldraðra má nema allt að 20 af hundraði heildarkostnaðar. Styrkurinn má þó ekki verða hærrí en 8.750 kr. á hvern m² miðað við byggingavísitölu 100.
3. Styrkur til hjúkrunarrýmis í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila, má nema allt að 40 af hundraði heildarkostnaðar með búnaði. Styrkurinn má þó ekki verða hærrí en 28.100 kr. á hvern m² miðað við byggingavísitölu 100.
4. Styrkur til endurbóta og til stuðnings sveitarfélögum til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða skal miðast við framlagða kostnaðaráætlun og mat á nauðsyn.

3.2 Reykjavík

Um árabíl hefur skort verulega á að framboð á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða í Reykjavík uppfylli þá þörf sem fyrir er. Ýmsar ástæður eru fyrir erfiðri stöðu þessara mála í höfuðborginni en byggðaðþróun á liðnum árum á þar trúlega drýgstan þátt. Uppbygging stofnanaþjónustu fyrir aldraða í Reykjavík hefur ekki haldist í hendur við mikla fólksflutninga af landsbyggðinni til borgarinnar. Myndin hefur skekkst, því úti á landi er framboð stofnanarýmis fyrir aldraða í sumum tilfellum umfram eftirspurn. Nokkuð er um að aldraðir Reykvíkingar vistist á stofnanir í nágrenni Reykjavíkur, einkum á Suðurlandsundirlendinu. Þetta hefur í mörgum tilvikum leyst brýnan vanda einstaklinga sem þurfa skilyrðislaust á hjúkrunarrými að halda en eiga ekki kost á þeim í Reykjavík. Það er hins vegar algjörlega óviðunandi til lengdar að fólk þurfi að flytja í önnur sveitarfélög til að fá lausn sinna mála og því afar aðkallandi að mæta mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík.

Í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram er gert ráð fyrir að á árunum 2002–2007 verði tekin í notkun 236 ný hjúkrunarrými. Nánari grein er gerð fyrir þessum tillögum í greinargerð með fylgiskjali 1, *Áætlun um framkvæmdir og rekstur nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002–2007*.

3.3 Vesturland

Þegar á heildina er litið er nægt framboð hjúkrunarrýma fyrir aldraða á Vesturlandi. Undanfarin ár hefur hjúkrunarrýmum verið fækkað við sjúkrahúsið á Akranesi. Þar á móti hefur hjúkrunarrýmum við Höfða á Akranesi verið fjölgað, m.a. með því að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Hjúkrunarrými eru einnig við öldrunarstofnanir í Borgarnesi, Grundarfirði, Ólafsvík, Stykkishólmi og á Reykhólum. Saman þjóna þessar stofnanir ágætlega eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum fyrir aldraða á Vesturlandi. Þó gæti verið æskilegt að fjölga eitt-hvað hjúkrunarrýmum í Borgarnesi. Í meðfylgjandi tillögum er ekki gert ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Vesturlandi. Þó ber að hafa í huga að í tillögunum er gert ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika eftir því sem þarfir kunna að breytast á því tímabili sem þær taka til.

3.4 Vestfirðir

Á Vestfirðum er fjöldi hjúkrunarrýma nægur til að uppfylla þarfir íbúa á svæðinu. Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði sér Suðurfjörðunum og Rauðasandi fyrir hjúkrunarrýmum. Við Fjörðungssjúkrahúsið á Ísafirði eru 20 hjúkrunarrými sem þjóna íbúum kaupstaðarins. Alls eru sex hjúkrunarrými á Sólborg á Flateyri og sömuleiðis eru sex rými á Tjörn á Þingeyri og svigrúm fyrir fleiri. Í meðfylgjandi tillögum kemur fram að tveimur hjúkrunarrýmum verður bætt við á Hólmavík árið 2002. Þau rými verða til í kjölfar gagngerra endurbóta sem unnið hefur verið að við Heilbrigðisstofnunina á Hólmavík, en þar eru fyrir ellefu hjúkrunarrými.

3.5 Norðurland vestra

Mikil uppbygging hefur farið fram við heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi, Hvammstanga, Sauðárkróki og Siglufirði á liðnum árum, en við allar þessar stofnanir eru hjúkrunarrými fyrir aldraða. Þessi landshluti býr vel að hjúkrunarrýmum og er ekki fyrirjáanleg þörf fyrir fjölgun þeirra á næstunni.

3.6 Norðurland eystra

Um 190 hjúkrunarrými fyrir aldraða eru á Norðurlandi eystra, við stofnanir á Akureyri, Húsavík, Þórs höfn, Grenivík, Ólafsfirði og á Dalvík. Samkvæmt vistunarmatsskrám er ávallt nokkur bið fyrir aldraða

í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými á Akureyri. Annars staðar á Norðurlandi eystra er ástandið viðunandi. Samkvæmt meðfylgjandi tillögum er gert ráð fyrir að 20 ný hjúkrunarrými bætist við á Akureyri árið 2006. Þess má geta að í tengslum við samningaviðræður Akureyrarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um framlengingu reynslusveitarfélagsssamnings hefur verið rætt um fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Engar niðurstöður liggja þó fyrir.

Fyrirhugaðar eru gagngerar endurbætur við Naust á Þórshöfn, en þar eru sjö hjúkrunarrými og fjögur dvalarrými fyrir aldraða. Byggt verður við heimilið til að bæta aðstöðu og fjölga rýmum. Miðað er við að þessum framkvæmdum ljúki árið 2005.

3.7 Austurland

Allt frá Vopnafirði að Lómagnúpi má segja að hjúkrunarrými séu nógu mörg til að uppfylla þörf íbúa á svæðinu að mestu. Þó verður að telja endubætur við Hulduhlíð á Eskifirði nokkuð brýnar en stofnunin líður fyrir þrengsli og aðstöðuskort og trúlega er óumflýjanlegt að byggja við húsnæðið. Í meðfylgjandi tillögum er gert ráð fyrir að rýmum við Hulduhlíð verði fjölgað um fimm. Þá er einnig miðað við að fjölga rýmum á Höfn um tíu, ekki síst vegna skorts á úrræðum fyrir heilabílaða. Þess má jafnframt geta að í tengslum við samningaviðræður um framlengingu samnings um Höfn sem reynslusveitarfélag eru í skoðun frekari úrræði í öldrunarþjónustu á Höfn.

3.8 Suðurland

Á Suðurlandi er veruleg þörf fyrir ýmsar endurbætur og uppbyggingu stofnanarýmis fyrir aldraða. Þyngst vegur slæm staða þessara mála á Selfossi þar sem 26 hjúkrunarrými við Ljósheima (heyrir undir Heilbrigðisstofnunina Selfossi) eru í húsnæði sem er algjörlega óviðunandi, jafnt fyrir sjúklinga og starfsfólk. Nú liggur fyrir að byggð verður hjúkrunardeild fyrir aldraða við sjúkrahúsið. Í meðfylgjandi tillögum er gert ráð fyrir að hún verði tekin í notkun árið 2005 og að hjúkrunarrýmum fjölgi við það um fimm. Við Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri er fyrirhuguð viðbygging fyrir hjúkrunarrými og er í meðfylgjandi tillögum reiknað

með að rýmum þar fjölgi um fimm. Þá er einnig miðað við fjölgun hjúkrunarrýma um tólf við Lund á Hellu. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma við Kirkjuhol á Hvolsvelli en forráðamenn heimilisins hafa borð fram óskir þess efnis. Skammt er á milli Hellu og Hvolsvallar og samstarf eða jafnvel samrekstur þessara stofnana væri æskilegur, fremur en að koma á fót hjúkrunarrýmum við Kirkjuhol, en það myndi kalla á verulegar endurbætur og aukinn kostnað á svæðinu.

Eins og fram hefur komið er töluvert um að aldradír Reykvíkingar vistist í dvalar- og hjúkrunarrými við stofnanir á Suðurlandi vegna skorts á vistrýmum í Reykjavík. Þessi staðreynd gerir erfiðara en ella að leggja fram áætlanir um þörf á uppbyggingu stofnanarýmis fyrir aldraða á svæðinu þar sem væntanlega dregur nokkuð úr eftirspurn eftir rýmum eftir því sem framboð þeirra eykst í Reykjavík.

3.9 Reykjanes

Tvö stór bæjarfélög á svæðinu, Mosfellsbær og Seltjarnarnes, eru án hjúkrunarheimila. Íbúar Mosfellsbæjar áttu áður fyrr aðgang að hjúkrunarrýmum fyrir aldraða á Reykjalundi, en svo er ekki lengur. Seltirningar eiga aðgang að hjúkrunarrýmum á Eir í Reykjavík. Bæði þessi sveitarfélög hafa sótt um heimild til að reisa hjúkrunarheimili og er í meðfylgjandi tillögum gert ráð fyrir að á tímabilinu 2002–2007 verði komið á fót 30 hjúkrunarrýmum á Seltjarnarnesi og 20 rýmum í Mosfellsbæ. Þá er gert ráð fyrir 30 nýjum rýmum við Sólvang í Hafnarfirði og við það skapast aukið rými og bætt aðstaða fyrir sjúklinga í því húsnæði sem fyrir er.

Á Suðurnesjum eru rekin hjúkrunarrými í Víðihlíð í Grindavík (heyrir undir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja) og Garðvang í Garði. Unnið er að byggingu D-álmú við Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík og við opnun fyrsta áfanga hennar verða tekin í notkun 26 hjúkrunarrými fyrir aldraða. Í meðfylgjandi tillögum er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum á Suðurnesjum verði fjölgað um 25 á tímabilinu 2002–2007. Ef þörf sýnir annað er þó hugsanlegt að hluta þessara rýma verði bætt við annars staðar á Reykjanesi.

Fylgiskjal 1

Framkvæmdir og rekstur vegna nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma 2002–2007 samtals á landinu öllu

Fjárhæðir eru í m.kr. og á verðlagi ársins 2001

Framkvæmdir	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samtals
Nýbyggingar	253,2	255,5	354,8	356,0	327,5	143,0	1.690,0
Endurbætur	157,0	138,0	62,5	57,5	57,5	161,5	634,0
Önnur verkefni	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	180,0
Framkvæmdir samtals	440,2	423,5	447,3	443,5	415,0	334,5	2.504,0
Fjölgun og rekstur dvalarrýma							
Fjölgun hjúkrunarrýma	114,0	27,0	94,0	47,0	90,0	70,0	442,0
Fjölgun dagvistarrýma	30,0	30,0	30,0	15,0	15,0	15,0	135,0
Rekstur hjúkrunarrýma	674,1	104,6	364,2	182,1	348,7	271,2	1.944,8
Rekstur dagvistarrýma	21,8	21,8	21,8	10,9	10,9	10,9	97,9
Rekstur viðbótarrýma ársins	695,9	126,4	385,9	193,0	359,5	282,1	2.042,7
Rekstur viðbótarrýma samtals	695,9	822,2	1.208,1	1.401,1	1.760,6	2.042,7	4.085,4
Framkvæmdir og rekstur samtals	1.136,1	1.245,7	1.655,4	1.844,6	2.175,6	2.377,2	6.589,4

Fylgiskjal 2

Framkvæmdir og rekstur vegna nýrra hjúkrunnarrýma 2002–2007 eftir landshlutum

Fjárhæðir eru í m.kr. og á verðlagi ársins 2001

Framkvæmdir flokkaðar eftir landshlutum	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samtals
Ný hjúkrunarheimili							
Reykjavík	140,0	100,0	130,0	130,0	120,0	60,0	680,0
Reykjanes	30,0	45,0	65,0	90,0	115,0	55,0	400,0
Vestfirðir	14,00,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	14,0
Norðurland eystra	0,0	0,0	30,0	30,0	30,0	0,0	90,0
Austurland	0,0	0,0	40,0	40,0	40,0	20,0	140,0
Suðurland	60,0	100,0	75,0	50,0	10,0	0,0	295,0
Ófyrirséð	9,2	10,5	14,8	16,0	12,5	8,0	71,0
Ný heimili samtals	253,2	255,5	354,8	356,0	327,5	143,0	1.690,0
Endurbætur eldri heimila							
Reykjavík	87,0	73,0	33,0	33,0	33,0	140,0	399,0
Reykjanes	38,0	38,0	14,5	9,5	9,5	9,5	119,0
Vesturland	10,0	10,0	8,0	8,0	8,0	5,0	49,0
Norðurland eystra	22,0	17,0	7,0	7,0	7,0	7,0	67,0
Önnur verkefni	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	180,0
Endurbætur samtals	187,0	168,0	92,5	87,5	87,5	191,5	814,0
Framkvæmdir samtals	440,2	423,5	447,3	443,5	415,0	334,5	2.504,0
Fjölgun hjúkrunnarrýma							
Reykjavík	92	10	94	0	40	0	236
Reykjanes	20	17	0	20	30	55	142
Vestfirðir	2	0	0	0	0	0	2
Norðurland eystra	0	0	0	5	20	0	25
Austurland	0	0	0	0	0	15	15
Suðurland	0	0	0	22	0	0	22
Fjölgun hjúkrunnarrýma samtals	114	27	94	47	90	70	442
Fjölgun dagvistarrýma samtals	30	30	30	15	15	15	135
Rekstur hjúkrunnarrýma	674,1	104,6	364,2	182,1	348,7	271,2	1.944,8
Rekstur dagvistarrýma	21,8	21,8	21,8	10,9	10,9	10,9	97,9
Rekstur viðbótarrýma ársins	695,9	126,4	385,9	193,0	359,5	282,1	2.042,7
Rekstur viðbótarrýma samtals	695,9	822,2	1.208,1	1.401,1	1.760,6	2.042,7	4.085,4
Framkvæmdir og rekstur samtals	1.136,1	1.245,7	1.655,4	1.844,6	2.175,6	2.377,2	6.589,4

Framkvæmdir og rekstur vegna nýrra hjúkrunarrýma 2002–2007 eftir bæjarfélögum

Fjárhæðir eru í m.kr. og á verðlagi ársins 2001

Framkvæmdir flokkaðar eftir bæjarfél.	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samtals
Ný hjúkrunarheimili							
Reykjavík	140,0	100,0	130,0	130,0	120,0	60,0	680,0
Kópavogur	30,0	45,0	15,0	0,0	15,0	15,0	120,0
Mosfellsbær	0,0	0,0	40,0	30,0	30,0	0,0	100,0
Garðabær	0,0	0,0	10,0	20,0	20,0	20,0	70,0
Suðurnes	0,0	0,0	0,0	40,0	20,0	20,0	80,0
Seltjarnarnes	0,0	0,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0
Hólmavík	14,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	14,0
Akureyri	0,0	0,0	30,0	30,0	30,0	0,0	90,0
Eskifjörður	0,0	0,0	20,0	20,0	20,0	20,0	80,0
Hornafjörður	0,0	0,0	20,0	20,0	20,0	0,0	60,0
Kirkjubæjarklaustur	25,0	25,0	0,0	0,0	0,0	0,0	50,0
Hella	25,0	25,0	25,0	0,0	0,0	0,0	75,0
Selfoss	0,0	40,0	40,0	40,0	0,0	0,0	120,0
Hveragerði	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	0,0	50,0
Ófyrirséð	9,2	10,5	14,8	16,0	12,5	8,0	71,0
Ný heimili samtals	253,2	255,5	354,8	356,0	327,5	143,0	1.690,0
Endurbætur eldri heimila							
Reykjavík	87,0	73,0	33,0	33,0	33,0	140,0	399,0
Hafnarfjörður	20,0	20,0	10,0	5,0	5,0	5,0	65,0
Garður	3,0	3,0	1,5	1,5	1,5	1,5	12,0
Garðabær	15,0	15,0	3,0	3,0	3,0	3,0	42,0
Akranes	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	0,0	15,0
Borgarnes	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	30,0
Stykkishólmur	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0
Dalvík	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	12,0
Akureyri	15,0	10,0	0,0	0,0	0,0	0,0	25,0
Þórshöfn	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	30,0
Önnur verkefni	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	180,0
Endurbætur samtals	187,0	168,0	92,5	87,5	87,5	191,5	814,0
Framkvæmdir samtals	440,2	423,5	447,3	443,5	415,0	334,5	2.504,0
Fjölgun hjúkrunarrýma							
Reykjavík	92	10	94	0	40	0	236
Kópavogur	20	17	0	0	0	0	37
Hafnarfjörður	0	0	0	0	0	30	30
Seltjarnarnes	0	0	0	0	30	0	30
Mosfellsbær	0	0	0	20	0	0	20
Hólmavík	2	0	0	0	0	0	2
Suðurnes	0	0	0	0	0	25	25
Akureyri	0	0	0	0	20	0	20
Þórshöfn	0	0	0	5	0	0	5
Eskifjörður	0	0	0	0	0	5	5
Hornafjörður	0	0	0	0	0	10	10
Kirkjubæjarklaustur	0	0	0	5	0	0	5
Hella	0	0	0	12	0	0	12
Selfoss	0	0	0	5	0	0	5
Fjölgun hjúkrunarrýma samtals	114	27	94	47	90	70	442
Fjölgun dagvistarrýma samtals	30	30	30	15	15	15	135
Rekstur hjúkrunarrýma	674,1	104,6	364,2	182,1	348,7	271,2	1.944,8
Rekstur dagvistarrýma	21,8	21,8	21,8	10,9	10,9	10,9	97,9
Rekstur viðbótarrýma ársins	695,9	126,4	385,9	193,0	359,5	282,1	2.042,7
Rekstur viðbótarrýma samtals	695,9	822,2	1.208,1	1.401,1	1.760,6	2.042,7	4.085,4
Framkvæmdir og rekstur samtals	1.136,1	1.245,7	1.655,4	1.844,6	2.175,6	2.377,2	6.589,4

Fylgiskjal 3

Áætlun um fjölgun hjúkrunarrýma 2002–2007 og fyrirhugaða staðsetningu þeirra

Reykjavík

2002: Hjúkrunarrýmum fjölgar um 92 við opnun Sól-túns.

Til að mæta mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými er lögð til eftirfarandi áætlun:

2003: Lagt er til að hjúkrunarrýmum í Víðinesi verði fjölgað um tíu.

2004: Með nýrri stofnun, Markarholti, bætast við 64 hjúkrunarrými. Við Hrafnistu í Reykjavík verða til 60 ný rými með byggingu nýrrar hjúkrunarálmu. Við endurbætur á eldra húsnæði Hrafnistu fækkar rýmum hins vegar um 30, þannig að samtals er miðað við að hjúkrunarrýmum í Reykjavík fjölgi um 94 árið 2004.

2005: Ekki eru lagðar til áætlanir um fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík árið 2005.

2006: Reiknað er með 40 nýjum hjúkrunarrýmum við hjúkrunarheimilið Eir.

Fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík á tímabilinu = 236

Kópavogur

2002: Um áramótin 2001–2002 tekur til starfa ný hjúkrunarálma við Sunnuhlíð í Kópavogi með samtals 20 hjúkrunarrýmum.

2003: Ákveðið hefur verið að á vegum Kópavogskaupstaðar verði árið 2003 opnað sambýli fyrir heilabílaða með tíu hjúkrunarrýmum og sjö rými bætast við í Sunnuhlíð.

Fjölgun hjúkrunarrýma í Kópavogi á tímabilinu = 37

Hafnarfjörður

2006: Áætlunin gerir ráð fyrir að ekki bætist við ný hjúkrunarrými í Hafnarfirði fyrr en árið 2006. Þar er um að ræða nýja 30 rýma hjúkrunarálmu sem áætlað er að byggja við Sólvang.

Fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði á tímabilinu = 30

Seltjarnarnes

2006: Gert er ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili með 30 hjúkrunarrýmum rísi á Seltjarnarnesi árið 2006. Engin öldrunarstofnun er á Seltjarnarnesi og vistast aldraðir íbúar þar á stofnanir í Reykjavík.

Ný hjúkrunarrými á Seltjarnarnesi = 30

Mosfellsbær

2005: Gert er ráð fyrir að reisa 20 rýma hjúkrunarheimili við Hlaðhamra, þar sem nú er þjónustumiðstöð aldraðra ásamt íbúðum aldraðra. Fram að þessu hafa aldraðir íbúar í Mosfellsbæ vistast á Reykjalundi, en sá kostur er ekki lengur fyrir hendi.

Fjölgun hjúkrunarrýma í Mosfellsbæ á tímabilinu = 20

Hólmavík

2002: Gagngerar endurbætur hafa að undanfögnu verði gerðar við Heilbrigðisstofnunina á Hólmavík. Þar eru nú ellefu hjúkrunarrými en tvö ný bætast við árið 2002. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun hjúkrunarrýma á tímabilinu.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Hólmavík á tímabilinu = 2

Suðurnes

2002–2007: Við Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík verða tekin í notkun 26 hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu misserum við opnun D-álmu sjúkrahússins. Gert er ráð fyrir að í lok tímabilsins (2007) bætist við 25 ný hjúkrunarrými einhvers staðar á Suðurnesjum eða annars staðar á Reykjanesi.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurnesjum á tímabilinu = 25*

*Rými við D-álmu Sjúkrahúss Suðurnesja eru ekki meðtalin.

Akureyri

2006: Gert er ráð fyrir að 20 ný hjúkrunarrými bætist við árið 2006, en ekki er ákveðið hvar þeim verður fundinn staður. Rétt er að geta þess að frekari athugun á þörf fyrir uppbyggingu öldrunarþjónustu er í gangi í tengslum við samning um framhald reynslusveitarfélagsverkefnis á Akureyri.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Akureyri á tímabilinu = 20

Þórshöfn

2005: Sjö hjúkrunarrými eru við Naust á Þórshöfn. Framundan eru gagngerar endurbætur á stofnuninni. Fyrirhugað er að byggja við stofnunina og bætast þá við tvö ný hjúkrunarrými (auk þriggja til fjögurra nýrra dvalarrýma).

Fjölgun hjúkrunarrýma á Þórshöfn á tímabilinu = 2

Eskifjörður

2007: Hulduhlíð á Eskifirði þjónustar Fjarðarbyggð, ásamt sjúkrahúsínu í Neskaupsstað, en hjúkrunarrými við stofnunina eru nú 17. Stefnt er að því að byggja við Hulduhlíð og bætast þá við fimm ný hjúkrunarrými.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Eskifirði á tímabilinu = 5

Hornafjörður:

2007: Þar er áformað að byggja við dvalar- og hjúkrunarheimilið Skjólgarð og koma á fót deild með tíu hjúkrunarrýmum fyrir heilabilaða. Rétt er að geta þess að frekari athugun á þörf fyrir uppbyggingu öldrunarþjónustu er í gangi í tengslum við samning um framhald reynslusveitarfélagsverkefnis á Höfn.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Hornafirði á tímabilinu = 10

Kirkjubæjarklaustur

2005: Nú er í undirbúningi að ljúka byggingu Klausturhóla með nýrri hjúkrunardeild. Við það bætast fimm ný hjúkrunarrými sem áætlað er að taka í notkun árið 2005.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Kirkjubæjarklaustri á tímabilinu = 5

Hella

Við Lund á Hellu er áformað að bæta við nýrri hjúkrunarálmu með tólf nýjum hjúkrunarrýmum. Gert er ráð fyrir að þau verði tekin í notkun árið 2005.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Hellu á tímabilinu = 12

Selfoss

Lokið er hönnun nýrrar hjúkrunardeildar við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi, sem leysa mun af hólmi hjúkrunarheimilið Ljósheima. Með tilkomu þeirrar deildar fjölgar hjúkrunarrýmum um fimm. Ráðgert er að nýja hjúkrunardeildin verði tekin í notkun árið 2005.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Selfossi á tímabilinu = 5

Fylgiskjal 4

Yfirlit yfir þjónustuhópa á landinu og stofnanir á starfssvæðum þeirra

Þjónustuhópar aldraðra á landinu eru 44.

Akranes: Þjónustuhópur aldraðra
Höfði, Akranesi
Sjúkrahús Akraness

Akureyri: Þjónustuhópur aldraðra
Bakkahlíð, Akureyri
Vesturhlíð, Akureyri
Austurhlíð, Akureyri
Kjarnalundur
Kristnes (þar eru engin hjúkrunarrými aldraðra, heldur er í Kristnesi rekin öldrunardeild með endurhæfingu aldraðra)
Grenilundur, Grenivík
Fjórðungssjúkrahúsið/Sel á Akureyri

Blönduós: Þjónustuhópur aldraðra
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Bolungarvík: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahús Bolungarvíkur

Borgarnes: Þjónustuhópur aldraðra
Dvalarheimilið Borgarnesi

Búðardalur: Þjónustuhópur aldraðra
Fellsendi, Dalasýslu
Silfurtún, Búðardal
Barmahlíð, Reykhólum

Dalvík: Þjónustuhópur aldraðra
Dalbær

Djúpivogur: Þjónustuhópur aldraðra
Helgafell, Djúpavogi

Egilsstaðir: Þjónustuhópur aldraðra
Lagarás 21–27
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum

Fáskrúðsfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Fjarðarbyggð: Þjónustuhópur aldraðra
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupsstað
Hulduhlíð, Eskifirði

Garðabær: Þjónustuhópur aldraðra
Holtsbúð, Garðabæ

Grundarfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Fellaskjól, Grundarfirði

Hafnarfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Hrafnista, Skjólvangi, Hafnarfirði
Sólvangur, Hafnarfirði

Hella: Þjónustuhópur aldraðra
Lundur

Hornafjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Skjólgarður, Höfn

Hólmavík: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahúsið Hólmavík

Hvammstangi: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahús Hvammstanga
Sæborg, Skagaströnd

Hveragerði: Þjónustuhópur aldraðra
Ás/Ásbyrgi

Hvolsvöllur: Þjónustuhópur aldraðra
Kirkjuhvöll, Hvolsvelli

Ísafjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði
Sjúkrahús Þingeyrar
Öldrunarstofnun Öfundarfjarðar/Öldrunarheimilið
Sólborg
Hlíf, Ísafirði

Kirkjubæjarklaustur: Þjónustuhópur aldraðra
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Kópasker: Þjónustuhópur aldraðra
Engin stofnun

Kópavogur: Þjónustuhópur aldraðra
Sunnuhlíð, Kópavogi
Gullsmári 11, Kópavogi
Skjólbraut, Kópavogi

Laugarás: Þjónustuhópur aldraðra
Blesastaðir á Skeiðum

Mosfellsbær: Þjónustuhópur aldraðra
Engin stofnun

Ólafsfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Hornbrekka, Ólafsfirði

Ólafsvík: Þjónustuhópur aldraðra
Jaðar, Ólafsvík

Patreksfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahúsið Patreksfirði

Raufarhöfn: Þjónustuhópur aldraðra
Engin stofnun

Reykjanesbær: Þjónustuhópur aldraðra
Garðvangur, Gerðum
Sjúkrahús Suðurnesja
Víðihlíð, Grindavík
Hlévangur, Keflavík

Reykjavík: Matshópur
Seljahlíð
Skjól/Laugaskjól
Fell, Skipholti
Skógarbær
Grund
Hrafnista, Reykjavík
Vistheimilið Víðines
Droplaugarstaðir, Reykjavík
Landakot, hjúkrunardeildir
Eir
Sóltún

Sauðárkrókur: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahús Sauðárkróks
Dvalarheimilið, deild 6, Sauðárkróki

Selfoss: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi
Kumbaravogur hf., Stokkseyri
Sólvellir, Eyrarbakka

Seltjarnarnes: Þjónustuhópur aldraðra
Engin stofnun

Seyðisfjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði

Siglufjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Stykkishólmur: Þjónustuhópur aldraðra
St. Franciskusspítalinn
Dvalarheimilið Stykkishólmi

Suður-Pingeyjarsýsla: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahúsið á Húsavík
Hvammur, Húsavík

Vestmannaeyjar: Þjónustuhópur aldraðra
Sjúkrahús Vestmannaeyja
Hraunbúðir

Vík í Mýrdal: Þjónustuhópur aldraðra
Hjallatún, Vík

Vopnafjörður: Þjónustuhópur aldraðra
Sundabúð, Vopnafirði

Þorlákshöfn: Þjónustuhópur aldraðra
Engin stofnun

Þórshöfn: Þjónustuhópur aldraðra
Naust

REGLUGERÐ um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra

I. KAFLI

Þjónustuhópur aldraðra

1. gr.

Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt. Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

2. gr.

Skipan þjónustuhóps aldraðra

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefni lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa tvo fulltrúa án tilnefningar sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum sem sinnir öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Verkefni þjónustuhóps aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarpörf aldraðra, sbr. II. kafla.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra, sbr. 1. gr. þeirra, sem kveður á um að aldraðir skuli eiga vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem hæfir best miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að öldruðum sé gert kleift að búa við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er en að þeim sé jafnframt tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

II. KAFLI

Vistunarmat aldraðra

4. gr.

Mat á vistunarpörf

Áður en einstaklingur er vistaður til langdvalar í dvalarrými fyrir aldraða eða í hjúkrunarrými, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, skal fara fram vistunarmat samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Með dvalarrými er í reglugerð þessari átt við rými á stofnunum aldraðra, þ.e. dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu, sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra. Með vistunarmati er átt við upplýsingar sem fram koma á yfirlits- og matsblaði, sbr. fylgiskjöl með reglugerð þessari.

5. gr.

Framkvæmd vistunarmats

Þjónustuhópur aldraðra, sbr. I. kafla, annast mat á vistunarpörf. Í Reykjavík annast sérstakur matshópur, sbr. 6. gr., vistunarmat aldraðra samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Matshópur í Reykjavík skal tilnefndur af þjónustuhópi aldraðra. Tilnefna skal fjóra fulltrúa; lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tvo úr hópi starfsmanna Félagsþjón-

ustunnar í Reykjavík og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi. Allur kostnaður vegna starfsemi hópsins greiðist af Reykjavíkurborg.

7. gr.

Beiðni um vistunarmat

Nú telur aldraður einstaklingur að hann þurfi að vistast til langdvalar á öldrunarstofnun, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, og sendir hann þá beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra þar sem hann býr, í Reykjavík til matshóps.

Beiðni um vistunarmat skal vísa til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa í öllum tilvikum sem þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, telur þörf á. Þetta á t.d. við hafi félagsleg og heilsufarsleg úrræði, þ.m.t. endurhæfing, ekki verið fullreynd eða ef sá aldraði reynist ófær um að taka sjálfstæða ákvörðun.

Vegna einstaklinga sem flytjast úr dvalarrými fyrir aldraða í hjúkrunarrými innan sömu stofnunar skal gera vistunarmat af þjónustuhópi aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshópi.

8. gr.

Flutningur af sjúkrahúsi í varanlega vistun

Nú hefur aldraður einstaklingur dvalið á sjúkrahúsi lengur en 6 vikur og allt bendir til að viðkomandi þurfi á sérstökum úrræðum að halda, þ.e. stofnana-vist eða annarri þjónustu. Skulu þá stjórnendur deildarinnar, sem hlutaðeigandi dvelst á, í samráði við viðkomandi og nánustu aðstandendur hans, senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, sbr. 7. gr.

Ef öldrunarlækningadeild er rekin í tengslum við sjúkrahús sem aldraður einstaklingur dvelur á má fela þeirri deild mat á vistunarþörf. Þegar mat öldrunarlækningadeildar á vistunarþörf liggur fyrir skal það tilkynnt þjónustuhópi aldraðra þar sem viðkomandi á lögheimili, í Reykjavík matshópi, með því að senda afrit vistunarmatsblaðs, þannig að viðkomandi verði skráður á vistunarskrá, sbr. 12. gr.

9. gr.

Forsendur vistunarmats

Forsendur vistunarmats eru að fyrir liggi skrifleg beiðni um vistunarmat, sbr. 7. gr., og að hlutaðeigandi einstaklingur sé þegar tilbúinn til vistunar ef

vistrými er til reiðu. Þá skal liggja fyrir að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi, sbr. leiðbeiningar í fylgiskjali með reglugerð þessari, hafi verið reynd áður en vistunarmat fer fram. Hafi það ekki verið gert skal beiðni um vistunarmat vísað til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur, eða sá sem undirritar beiðni um vistunarmat vegna hans, sættir sig ekki við framgang vistunarmatsins eða niðurstöður þess, getur viðkomandi vísað málinu til faghóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til umsagnar, sbr. 15. gr.

10. gr.

Framkvæmd vistunarmats

Þegar þjónustuhópi aldraðra, í Reykjavík matshópi, berst beiðni um vistunarmat skal hópurinn kanna gaumgæfilega að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi skv. leiðbeiningum í fylgiskjali, hafi verið reynd. Við könnunina skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í fylgiskjali með reglugerð þessari. Niðurstöðurnar skulu flokkaðar, sbr. 12. gr., og skráðar á sérstakt matsblað.

Á matsblað skal jafnframt skrá hvenær mat er gert og fari endurmat ekki fram innan 18 mánaða fellur vistunarmatið úr gildi.

Peir sem koma að framkvæmd vistunarmats skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð upplýsinga.

11. gr.

Kynning vistunarmats

Þegar mat á vistunarþörf liggur fyrir skal niðurstaða þess kynnt hinum aldraða og/eða aðstandendum hans. Frumrit matsblaðs og afrit skulu afhent þeirri stofnun sem viðkomandi óskar eftir að vistast á. Komi fleiri stofnanir til greina skal jafnframt sótt um vist þar og þeim afhent ljósrít af matsblaði ásamt upplýsingum um það hvar frumgögn er að finna. Loks ber að senda heimilislækni ljósrít af vistunarmati.

12. gr.

Vistunarskrá

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal á starfssvæði sínu halda sérstaka vistunarskrá yfir þá einstaklinga sem að loknu vistunarmati eru taldir hafa þörf fyrir vistun á stofnun.

Fari vistunarmat fram í öðru sveitarfélagi en því sem hinn aldraði á lögheimili í ber þeim er vistunarmatið gerir að tilkynna niðurstöður þess með því að senda afrit yfirlits- og matsblaðs, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, til þjónustuhóps aldraðra þar sem hinn aldraði á lögheimili, í Reykjavík til matshóps.

Vistunarskrá byggir á eftirfarandi flokkun:

1. Einstaklingur þarfnast vistar í dvalarrými (sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
2. Einstaklingur þarfnast vistar í hjúkrunarrými (sbr. 2. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
3. Einstaklingur þarfnast sérstakra úrræða vegna heilabilunar.
4. Einstaklingur þarfnast annarra úrræða en vistunar.

Jafnframt skal metið og tekið fram í vistunarskrá hvort um sé að ræða þörf, brýna þörf eða mjög brýna þörf. Að mati loknu skal þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, færa nafn hins aldraða á vistunarskrá.

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal ársþriðjungslega senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsingar um fjölda einstaklinga á vistunarskrá og flokkun þeirra.

13. gr.

Ákvörðun um vistun

Nú losnar vistrými á öldrunarstofnun og ákveður stjórn viðkomandi stofnunar þá hvaða einstaklingi verður boðið rýmið, nema sérstakur þjónustusamningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við viðkomandi stofnun kveði á um annað. Óheimilt er að bjóða það öðrum en þeim sem sótt hafa um dvöl á viðkomandi stofnun og eiga þar gilt vistunarmat. Viðkomandi stofnun skal gæta þess að mat sé enn í gildi við innritun, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Stofnanir skulu við veitingu vistrýma sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf samkvæmt vistunarmati.

Aldraðir, sem eru með mjög brýna eða brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati og dveljast á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa, skulu til jafns við aðra eiga aðgang að vistrýmum.

14. gr.

Tilkynning um vistun

Þegar vistun hefur verið ákveðin sendir stofnunin frumrit yfirlits- og matsblað til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt tilkynningu um nýjan vistmann. Stofnun ber að senda afrit til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, þar sem vistmaðurinn á lögheimili og fellur hann þá af vistunarskrá.

Fylgi vistunarmat ekki tilkynningu stofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins um vistun einstaklings getur Tryggingastofnun, að fenginni umsögn viðkomandi þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, neitað að greiða dvalarkostnað vegna hlutaðeigandi einstaklings. Á það bæði við um stofnanir sem eru á föstum fjárlögum og daggjöldum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði

15. gr.

Faghópur, skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal hafa eftirlit með framkvæmd vistunarmats skv. II. kafla. Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, starfsmanni vistunarmats og starfsmanni öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr., sbr. 26. gr., laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 660/1995, um vistunarmat aldraðra með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,


15. október 2001.

Jón Kristjánsson.


Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal 6

Pörf fyrir hjúkrunarrými á stofnunum – landið allt



Pörf fyrir hjúkrunarrými á stofnunum – höfuðborgarsvæðið



Fylgiskjal 7

Upplýsingar um öldrunarstofnanir á landinu og þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna

SVÆÐI 1	
<p>Droplaugastaðir, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1981</p> <p>Stærð: 4.604 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistarrými: 0</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfaðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls: 68</p> <p>Hjúkrunarrými: 68</p> <p>Einbýli: 42</p> <p>Tvíbýli: 13</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Endurnýja húsgögn í matsal og á deildum, breyta lýsingu í íbúðum, skipta út loftplötum. Endurnýja sjúkrarúm (30 stk.) og tæki í eldhúsi og þvottahúsi. Endurnýja lyftur hússins (2 stk.). Endurnýja loftljós í sameign. Utanhússviðgerðir og þakviðgerðir. Símakerfið er orðið lélegt.</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Áætlun 2001: Utanhússviðgerðir (lokið að hluta). Lagfæringar á sorpgeymslu. Gólfútkaviðgerðir. Öll klósett yfirfarin. Skilrúm í kjallara. Útbúa búningaaðstöðu fyrir karla í kjallara, þ.e. sturtu, klósett og búningsherbergi. Lagfæring á vegg á 3. hæð og málningarvinna ýmiss konar. Áætlaður kostnaður 2001 9.210.000 kr., ófyrirséður kostnaður 1.100.000 kr.</p>
<p>Eir, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1990 - 1995</p> <p>Stærð: 11.536 m²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistarrými: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Já</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls: 130</p> <p>Hjúkrunarrými: 130</p> <p>Einbýli: 48</p> <p>Tvíbýli: 29</p> <p>Þrúbýli: 8</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (39)</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Viðgerð á sprungum og málun, viðgerð á gólfum.</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Sprunguviðgerðir og viðgerð á gólfum, málun.</p> <p>Heildarkostnaður 20 m.kr. Framkvæmdatími: 3 ár.</p> <p>Annað: Við Eir eru rekin Eirarhús, svokallaðar öryggisíbúðir fyrir aldraða. Heimahjúkrun við íbúa þeirra er í tengslum við heilsugæslu en heimaþjónusta í tengslum við félagsþjónustu Reykjavík</p>
<p>Fell, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1960</p> <p>Stærð: 800 m²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistarrými: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls: 30</p> <p>Hjúkrunarrými: Nei</p> <p>Dvalarrými: 30</p> <p>Einbýli: 30</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf á endurbótum á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Endurbæta þarf brunakerfi, bjöllukerfi á herbergjum, lagfæringar á þaki og almennt viðhald.</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Brunakerfi, áætlaður kostnaður 500.000 kr.</p> <p>Bjöllukerfi, áætlaður kostnaður 300.000 kr.</p> <p>Viðgerðir á þaki, áætlaður kostn. 500.000 kr.</p> <p>Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur 1,3 m.kr.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

<p>Grund, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1930</p> <p>Stærð: 8.486 m²</p> <p>Í eigu: Sj.</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 264</p> <p>Hjúkrunarrými: 168</p> <p>Einbýli: 51</p> <p>Tvíbýli: 44</p> <p>Þríbýli: 4</p> <p>Fjórbýli: 3</p> <p>Fleiri en 4: 1</p> <p>Dvalarrými: 82</p> <p>Einbýli: 52</p> <p>Tvíbýli: 10</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (25)</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Miklar endurbætur standa yfir á heimilinu og ekki er vitað hvenær þeim lýkur. Það ræðst af því hvort heimilið fær einhvers konar greiðslur frá því að opinbera umfram framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra, því heimilið hefur engar aðrar tekjur en daggjöld. Framkvæmdum er aðallega ætlað að auka rými heimilismanna og starfsfólks.</p> <p>Tekin verður í notkun ný hjúkrunardeild á næsta ári (2001) og líklega önnur deild fyrir heilabílaða með tíu rúmum. Að öðru leyti er vísað til umsókna heimilisins til Framkvæmdasjóðs aldraðra.</p> <p>Heildarkostnaður við áætlaðar endurbætur samtals 380.000.000 kr.</p>
<p>Hrafnista, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1957</p> <p>Stærð: 11.460 m^{2*}</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei**</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 311</p> <p>Hjúkrunarrými: 311</p> <p>Einbýli: 36</p> <p>Tvíbýli: 10***</p> <p>Þríbýli: 10</p> <p>Fjórbýli: 4</p> <p>Dvalarrými: 209</p> <p>Einbýli: 177</p> <p>Tvíbýli: 16</p> <p>Rými f. heilabil.: Já (19)</p>	<p>* Byggt hefur verið við stofnunina fimm sinnum: 1963 = 1.578 m², 1967 = 1.670 m², 1970 = 1.624 m², 1988 = 84 m², 1970 = 1.192 m².</p> <p>** Þótt ekki sé þjónustumiðstöð á heimilinu þá er þar bankaþjónusta, verslun, hárgreiðsla, fórsnyrting, föndur, leikfimi og félagsstarf. Jafnframt er seldur matur til íbúa í sjálfs- eignaríbúðum.</p> <p>*** Tvíbýlin eru ætluð hjónum.</p> <p>Þrjár „akut-stofur“ eru á Hrafnistu, nýttar til að taka á móti mjög veikum fólki sem annars þyrfti að dveljast á sjúkrahúsi.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Nauðsynlegt er að endurskipuleggja og endurbæta allt húsnæði Hrafnistu í Reykjavík</p> <p>Framkvæmdir sem komnar eru á áætlun:</p> <p>Gluggar, nýtt vindfang (anddyri - F1) brunamál, spennustöð, súrefnisgeymsla, lyklakerfi, A3 - breyting, tæki o.fl. Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur er 25–30 m.kr. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2002 er ólókð.</p>
<p>Skjól, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1985-1988</p> <p>Stærð: 5.230 m²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 109</p> <p>Hjúkrunarrými: 109</p> <p>Einbýli: 71</p> <p>Tvíbýli: 19</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (49)</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Setja rafbúnað í sjúkrarúm. 2. Fjölga einbýlum og setustofum. 3. Breyta aðkomu á 1. hæð og gámaaðstöðu. 4. Bæta aðstöðu á alzheimerdeildum. <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Breytingar á rúmum: 6.000.000 kr. 2. Rafdrifnar dyr o.fl. á 1. hæð 1.500.000 kr. 3. Breytingar á þremur hæðum um það bil 15.000.000 kr. Heildarkostnaður um 22,5 m.kr.

<p>Landakot (LSH), Reykjavík</p> <p>Byggingarár: Stærð</p> <p>Í eigu: R</p> <p>Rekstur: Ff</p> <p>Dagvistun: 60*</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 0</p> <p>Hjúkrunarrými: Nei</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (36 rými)*</p>	<p>* Við Landakot er rekin svokallaðar dagspítali með samtals 60 rýmum. Þar eru einnig 36 rými fyrir heilabílaða en þau eru hluti af sjúkrahúsinu og því ekki eiginleg hjúkrunarrými aldraðra.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ljúka þarf endurbótum á eldhúsi. 2. Endurbygging á anddyri. <p>Fyrirhugað er að koma á aðstöðu fyrir sjúkrahústengda heimaþjónustu sem starfrækt verður í samvinnu við Heilsumgæsluna í Reykjavík og Félagsþjónustuna í Reykjavík</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Endurbætur á eldhúsi, 18.650.000 kr.</p> <p>Endurbætur á anddyri, 16.620.000 kr.</p> <p>Aðstaða fyrir sjúkrahústengda heimaþjónustu (kostnaður liggur ekki fyrir).</p> <p>Áætlaður kostnaður við endurbætur samtals 35.000.000 kr.</p> <p>Athugasemdir: Landakot er ekki hjúkrunar- eða dvalarheimili en Framkvæmdasjóður aldraðra hefur á hverju ári frá 1997 lagt fé til endurbóta og þannig gert kleift að auka og bæta þjónustu við aldraða.</p>
<p>Seljahlíð, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1986</p> <p>Stærð: 5.376 fm²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 62</p> <p>Hjúkrunarrými: 28</p> <p>Einbýli 12</p> <p>Tvíbýli 8</p> <p>Dvalarrými: 34</p> <p>Einbýli 22</p> <p>Tvíbýli 6</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Í eldhúsi þarf að laga gólf og kæliflefa. 2. Skipta þarf um flísar á gólfi í holi á 1. og 3. hæð. 3. Í áföngum er verið að skipta út gólfefnum. 4. Húsið lekur víða og það þarf að lagfæra. <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sett verður skol og língeymsla á 2. hæð. 2. Á 1. hæð verður útbúin borðstofa fyrir hjúkrunarsjúklinga. 3. Til að unnt sé að gera þessar breytingar þarf að flytja heimilismenn til og nauðsynlegt er að mála tólf íbúðir. <p>Kostnaðaráætlun vegna endurbóta liggur ekki fyrir.</p> <p>Athugasemdir: Þegar dvalarrými losna er þeim breytt í þjónustuíbúðir. Nú eru 21 rými í þjónustuíbúðum.</p>
<p>Skógarbær, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1996-1997</p> <p>Stærð: 3.825 fm²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Já*</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 80</p> <p>Hjúkrunarrými: 80</p> <p>Einbýli 54</p> <p>Tvíbýli 13</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (36)</p>	<p>* Þjónustumiðstöð er sambyggð hjúkrunarheimilinu. Hún var rekin af Skógarbæ til 1. júlí 2001. Nú er aðeins um samnýtingu að ræða, þ.e. þjónustumiðstöðin kaupir þjónustu af Skógarbæ.</p> <p>Þörf fyrir endurbótum á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Mála þarf stofnunina að utan að hluta. 2. Breyta þarf loftræstikerfi á efstu hæð og í kjallara, en kerfið hefur verið gallað frá upphafi. <p>Áætlun vegna þessa hefur ekki verið gerð, en gera má ráð fyrir að kostnaður við breytingar á loftræstikerfi nemi um 2.5 m. kr.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

<p>Sóltún, Reykjavík*</p> <p>Byggingarár: 1999–2002</p> <p>Stærð: 7.000 m²</p> <p>Í eigu: Einkaaðila</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun:</p> <p>Þjónustumiðstöð:</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 92</p> <p>Hjúkrunarrými: 92</p> <p>Einbýli: 92</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (32)</p>	<p>* Athugasemdir: Sóltún er enn í byggingu og hefur enn ekki verið tekið í notkun. Að mati forstöðumanns mætti bæta hæð ofan á bygginguna og fjölga þannig rýmum um 30–32.</p>
<p>Víðines, Reykjavík</p> <p>Byggingarár: 1969</p> <p>Stærð: 1.800–1.900 m²</p> <p>Í eigu: R/S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 37</p> <p>Hjúkrunarrými: 37</p> <p>Einbýli: 17</p> <p>Tvíbýli: 10</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ljúka þarf endurbótum á 1. hæð hússins og breyta henni í litla lokaða alzheimerdeild með lokuðum garði. 2. Lagfæringar á lóð eru nauðsynlegar og steypa þarf bílaplan. Áætlaður kostnaður vegna lóðar: 10–12 m.kr. Áætlaður kostnaður vegna endurbóta á 1. hæð liggur ekki fyrir. <p>Annað: Árið 1999 var efri hæð hússins endurbyggð. Miklar endurbætur voru einnig gerðar á neðri hæð árið 2000 og þá var bætt við þremur rýmum.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

SVÆÐI 2

<p>Holtsbúð, Garðabæ</p> <p>Byggingarár: 1976*</p> <p>Stærð: 2.000 m²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Já*</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls: 28</p> <p>Hjúkrunarrými: 28</p> <p>Tvíbýli: Aðeins tvíb.</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Húsið var byggt 1976, en tekið í notkun sem dvalar- og hjúkrunarheimili árið 2000.</p> <p>* Þjónustumiðstöðin sér um heimsendingu hádegismatar.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Endurbætur á hluta kjallara, endurbætur á þremur herbergjum og sal ásamt rými undir borðsal. Lagfæringar á hæð og kjallara ásamt tækjakaupum.</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Endurbætur á hæð og kjallara ásamt tækjakaupum. Kostnaður 1999–2000 er 248.303.111</p> <p>Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur 2002 er 7.150.000 kr.</p>
<p>Hrafnista, Hafnarfirði.</p> <p>Byggingarár: 1978</p> <p>Stærð: 13.960 m²*</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Já (26)</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei**</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls: 239</p> <p>Hjúkrunarrými: 86</p> <p>Einbýli: 55</p> <p>Tvíbýli: 14***</p> <p>Þrúbýli: 1</p> <p>Dvalarrými: 153</p> <p>Einbýli: 141</p> <p>Tvíbýli: 6</p> <p>Rými f. heilabil.: Já (11)</p>	<p>* Byggt var við stofnunina árið 1982 (6.285 m²) og 2000 (657 m²).</p> <p>** Þótt ekki sé þjónustumiðstöð við Hrafnistu er þar bankaþjónusta, verslun, hárgreiðsla, fót snyrting, föndur, leikfimi og félagsstarf. Jafnframt er seldur matur til íbúa í sjálfseignaríbúðum.</p> <p>Tvær „akut-stofur“ eru á Hrafnistu, nýttar til að taka á móti mjög veiku fólki sem annars þyrfti að dveljast á sjúkrahúsi.</p> <p>*** Tvíbýlin eru ætluð hjónum.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Breyta þarf eldhúsi, stækka sjúkraþjálfunaraðstöðu og bæta skrifstofuaðstöðu.</p> <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <p>Bílastæði, anddyri, endurhæfing, eldvarnir, súrefnisgeymsla, tæki o.fl.</p> <p>Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur er 40–50 m.kr.</p> <p>Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2002 er ólokið.</p>
<p>Garðvangur, Garði</p> <p>Byggingarár: 1971*</p> <p>Stærð: 1.180 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: **</p> <p>Vistrými alls: 38–40</p> <p>Hjúkrunarrými: 38</p> <p>Einbýli: 27</p> <p>Tvíbýli: 4</p> <p>Þrúbýli: 1</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei***</p>	<p>* Byggt var við húsið 1982 (400 m²), 1996 (330 m²), 1998 (25 m²).</p> <p>** Starfsfólk félagsstarfs og þroskaþjálfari sinna að nokkru leyti iðjuþjálfun.</p> <p>*** Að mati forstöðumanns er þörf á deild fyrir heilabílaða við stofnunina.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <p>Nauðsynlegt er að endurnýja hurðir og stækka hurðargöt. Endurnýja þarf skólplagnir og símakerfi. Malbika þarf umhverfis húsið og laga garð.</p> <p>Áætlaður kostnaður við nauðsynlegar endurbætur er 15 m.kr.</p>

<p>Víðihlið (heilbrigðisstofnun Suðurnesja)</p> <p>Byggingarár: 1992–1994</p> <p>Stærð 1.553 m²</p> <p>Í eigu: R/S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já*</p> <p>Vistrými alls 25</p> <p>Hjúkrunarrými: 25</p> <p>Einbýli 3</p> <p>Tvíbýli 11</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Já (6)**</p>	<p>* Aðstaða til iðjuþjálfunar er í lágmarki en iðjuþjálfun er eigi að síður sinnt hjá stofnuninni.</p> <p>** Ekki er sérstök deild fyrir heilabílaða. Efri gangi á stofnuninni hefur hins vegar verið skipt sem gerir mögulegt að hafa valda sjúklinga í öðrum hluta hans.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Nauðsynlegt er að mála og lagfæra ytra byrði hússins og ljúka frágangi við skiptingu fjögurra manna herbergjum í ein- og tvíbýli.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Kostnaður við lagfæringar innanhúss nemur um 1,2 m.kr. Kostnaður við lagfæringar að utan um 2 m.kr. Heildakostnaður við áætlaðar endurbætur nemur 3,2 m.kr.</p>
<p>Hlévangur, Keflavík</p> <p>Byggingarár: 1957*</p> <p>Stærð 1.800 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei*</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei*</p> <p>Vistrými alls 31</p> <p>Hjúkrunarrými: Nei</p> <p>Dvalarrými: 31</p> <p>Einbýli 31</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Byggt var við húsnæðið árið 1992 (1.400 m²), 2001 (40 m²). Félagsstarf kemur að nokkru leyti í stað sjúkra- og iðjuþjálfunar, (sem líður fyrir aðstöðuleysi).</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Stækka þarf og endurnýja forstofu. Klæða þarf elsta hluta hússins að utan. Skipta þarf um gólfefni.</p> <p>Áætlaður heildarkostnaður við áætlaðar endurbætur nemur 8 m.kr.</p>
<p>Skjólbrekka, Kópavogi</p> <p>Byggingarár: *</p> <p>Stærð 330 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Vistrými alls 12</p> <p>Hjúkrunarrými: Nei</p> <p>Dvalarrými: 12</p> <p>Einbýli 10</p> <p>Tvíbýli 2</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Skjólbrekka, sambýli fyrir aldraða, tók til starfa 1987.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Sambýlið er á tveimur hæðum sem er óhentugt þar sem ekki er lyfta. Nauðsynlegt er að koma upp lyftu í framtíðinni. Engar áætlanir liggja fyrir.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

<p>Gullsmári, Kópavogi*</p> <p>Byggingarár: 1995</p> <p>Stærð</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Vistrými alls 12</p> <p>Hjúkrunarrými: Nei</p> <p>Dvalarrými: 12</p> <p>Einbýli 10</p> <p>Tvíbýli 2</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Gullsmári er sambýli fyrir aldraða.</p>
<p>Sólvangur, Hafnarfirði</p> <p>Byggingarár: 1953*</p> <p>Stærð 4.358 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða: Já**</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 84 (+3)***</p> <p>Hjúkrunarrými: 84 (+3)***</p> <p>Einbýli 3</p> <p>Tvíbýli 4</p> <p>Þríbýli 21</p> <p>Fjórþýli 0</p> <p>Fleiri en 4 2</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Byggt var við húsið árið 1993 (1.063 m²)</p> <p>** Sjúkraþjálfari starfar á Sólvangi en iðjuþjálfar vantar. Þar er rekin vinnustofa.</p> <p>*** Þrjú gæslurúm (akut).</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Auka þarf rými fyrir sjúklinga. Fyrir liggur hönnun á nýbyggingu sem hefur verið kynnt heilbrigðisráðuneytinu.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Endurnýjun og málun stigahúss. Kostnaður u.þ.b. 1,3 m.kr. Endurnýjun baðherbergis á 4. hæð, þ.e. endurnýjun baðs og lagna, auk málningarvinnu. Kostnaður samtals 2,2 m.kr. Endurnýjun á samtals 80 sjúkrarúmum (á tveimur árum). Kostnaður alls: 16 m.kr.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

Sunnuhlíð, Kópavogi		
Byggingarár:	1982	
Stærð	3.619 m ²	
Í eigu:	E/F	
Rekstur:	Föst fjárlög	
Dagvistun:	18*	
Þjónustumiðstöð:	Já*	
Sjúkraþjálfunaraðstaða	Já	
Iðjuþjálfunaraðstaða:	Nei	
Vistrými alls	65	
Hjúkrunarrými:	65	
Einbýli	29	
Tvívýli	18	
Dvalarrými:	Nei	
Deild fyrir heilabílaða:	Já (10)	
		<p>* Dagvistun og þjónustumiðstöð eru sjálfstætt starfandi einingar, óháðar rekstri hjúkrunarheimilisins. Við þjónustumiðstöðina er boðið upp á morgunmat og hádegismat, sjúkraþjálfun, há- og fót snyrtingu og á hennar vegum er rekin verslun með ýmsar nauðsynjar.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Endurnýjun á þaki hjúkrunarheimilis, sjúkrakallkerfi, gleri í suðurhlíð og vinnuborði í eldhúsi. Breyta þarf og bæta anddyri hjúkrunarheimilisins. Sjúkraþjálfun flytur væntanlega í nýtt húsnæði 2002. Til greina kemur að nýta húsnæði sem þá losnar fyrir iðjuþjálfun eða stækka dagvist Sunnuhlíðar. Breyta á húsnæði þar sem er fundarherbergi, skrifstofa og aðstaða húsvardar og setja þar upp fræðslu- og fundaraðstöðu fyrir starfsfólk og íbúa.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Undanfarið hefur verið unnið að endurbótum og breytingum á eldra húsnæði hjúkrunarheimilisins. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur veitt 3,9 m.kr. til framkvæmdanna en áætlaður kostnaður er 15 m.kr. Áætlað er að þessum framkvæmdum ljúki í byrjun næsta árs. Þegar hefur verið unnið fyrir um 12 m.kr. Endurnýjun á þaki þarf að fara fram í síðasta lagi næsta vor. Kostnaður áætlaður um 6 m.kr. Áætlaður kostnaður við endurnýjun á sjúkrakallkerfi er 1,5 m.kr. Áætlaður kostnaður við fræðslu- og fundaraðstöðu er rúmar 3 m.kr. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir er 31 m.kr. (Lokið er framkvæmdum fyrir 12 m.kr. og eftir að framkvæma fyrir 19 m.kr.)</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

SVÆÐI 3

<p>Barmahlíð, Reykhólum</p> <p>Byggingarár: 1985–1987 Stærð 1.126 m² Í eigu: S Rekstur: Daggjöld Dagvistun: Nei Þjónustumiðstöð: Já* Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei Iðjuþjálfunaraðstaða: Já Vistrými alls 14 Hjúkrunarrými: 12 Einbýli 12 Dvalarrými: 2 Einbýli 2 Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>*Við þjónustumiðstöðina er veitt baðþjónusta og þar fer fram fönður og leikfimi.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Engar upplýsingar um þörf á endurbótum (athugasemdir ráðuneytisins), enda er verið að ganga frá eignarhaldi í framtíðinni í tengslum við skuldir sem hvíla á stofnuninni.</p>
<p>Fellaskjól, Grundarfirði</p> <p>Byggingarár: 1988 Stærð 757 m² Í eigu: E/F Rekstur: Daggjöld Dagvistun: Nei Þjónustumiðstöð: Nei Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei Vistrými alls 14 Hjúkrunarrými: 7 Einbýli 5 Tvíbýli 1 Dvalarrými: 7 Einbýli 3 Tvíbýli 2 Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Skipta þarf um þak. Áætlaður kostnaður er 2,5 m.kr. Skipta þarf um gólfefni í eldhúsi, holi, forstofu og á baði. Áætlaður kostnaður er 5–600.000 kr. Heildarkostnaður er 3 m.kr.</p>
<p>Dvalarheimilið Borgarnesi</p> <p>Byggingarár: 1970* Stærð 2.480 m² Í eigu: Sj. Rekstur: Daggjöld Dagvistun: Nei Þjónustumiðstöð: Nei** Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei Vistrými alls 56 Hjúkrunarrými: 20 Einbýli 6 Tvíbýli 7 Dvalarrými: 36 Einbýli 30 Tvíbýli 3 Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Byggt var við árið 1973 og 1982, samtals 1.565 m².</p> <p>** Félagsstarf fyrir aldraða í Borgarbyggð er í húsnæði sem er sambyggt dvalarheimilinu.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Stækka þarf stofnunina og bæta aðstöðu þar sem elsti hluti byggingarinnar er orðinn 30 ára gamall.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Óskað hefur verið eftir að fá keypt viðbótarhúsnæði af heilsgæslustöðinni sem er sambyggt dvalarheimilinu. Samningar standa yfir.</p>

<p>Dvalarheimilið Stykkishólmi</p> <p>Byggingarár: 1963*</p> <p>Stærð 817.5 m²**</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei***</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Vistrými alls 23</p> <p>Hjúkrunarrými: 10</p> <p>Dvalarrými: 13</p> <p>Einbýli 11</p> <p>Tvíbýli 2</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* 1991 var byggt 445 m² viðbygging undir þjónustuíbúðir og 526 m² viðbygging árið 1997, einnig undir þjónustuíbúðir. 2001 var byggt við vegna stækkunar á matsal, 36,5 m².</p> <p>** Þjónustuíbúðir eru ekki meðtaldar í fermetrafjölda.</p> <p>*** Heimilisfólk getur sótt félagsstarf í félagsaðstöðu eldri borgara sem tengist dvalarheimilinu.</p> <p>Endurbætur:</p> <p>Að undanförmu hafa staðið yfir miklar breytingar og endurbætur. Nýtt eldhús og matsalur var tekið í notkun fyrir skömmu og verið er að bæta aðstöðu starfsmanna o.fl. Áætlaður heildarkostnaður vegna afstaðinna og yfirstandandi endurbóta er 23–25 m.kr.</p> <p>Annað: Húsið var í upphafi byggt sem heimavistarskóli. Það hefur tekið ýmsum breytingum m.t.t. þarfa íbúanna.</p>
<p>Höfði, Akranesi</p> <p>Byggingarár: 1978</p> <p>Stærð 6.319 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: 20 rými</p> <p>Þjónustumiðstöð: Já**</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 78</p> <p>Hjúkrunarrými: 39</p> <p>Einbýli 19</p> <p>Tvíbýli 10</p> <p>Dvalarrými: 39</p> <p>Einbýli 25</p> <p>Tvíbýli 7**</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>* Þjónustumiðstöðin fluttist frá stofnuninni um áramót (2001–2002) og húsnæði hennar verður nýtt fyrir dvalarheimilið Höfða.</p> <p>** Tvíbýlin eru öll hjónabúðir.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Óskað hefur verið eftir heimild heilbrigðisráðuneytisins til að breyta 15 vistrýmum í hjúkrunarrými.</p>
<p>Jaðar, Ólafsvík</p> <p>Byggingarár: 1986</p> <p>Stærð 512</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Vistrými alls 13</p> <p>Hjúkrunarrými: 5*</p> <p>Dvalarrými: 8*</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>*Vistmenn hafa hver sitt herbergi en eru tveir um hverja íbúð.</p> <p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Skipta þarf um þakjárn og e.t.v. timbur líka. Mála húsið að utan. Byggja þarf við húsið svo hægt sé að veita dagvistun og hafa þjónustukjarna fyrir aldraða í bænum. Einnig vantar stærri sal til að geta boðið upp á tómsundaiðju fyrir vistfólk og aukið húsnæði til að geta selt mat til aldraða í bæjarfélaginu.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Engar enn sem komið er.</p>

Í eigu: S = Sveitarfélags, E/F = Einkaaðila/félagasamtaka, R = Ríkis, R/S = Ríkis og sveitarfélaga, Sj. = Sjálfseignarstofnun

<p>Silfurtún, Búðardal</p> <p>Byggingarár: 1982</p> <p>Stærð 866 m²</p> <p>Í eigu: S</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Já</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 7</p> <p>Hjúkrunarrými: 0</p> <p>Dvalarrými: 7</p> <p>Einbýli 7</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna: Engar aðrar en eðilegt viðhald.</p>
<p>Fellsendi, Búðardal</p> <p>Byggingarár: 1967</p> <p>Stærð 459 m²</p> <p>Í eigu: E/F</p> <p>Rekstur: Daggjöld</p> <p>Dagvistun: 17</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Nei</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Nei</p> <p>Vistrými alls 17</p> <p>Hjúkrunarrými: 17</p> <p>Einbýli 8</p> <p>Tvíbýli 9</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei</p>	<p>Þörf fyrir endurbætur á næstu árum að mati forstöðumanna:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Breyta þarf öllum rýmum í einbýli. 2. Koma þarf upp aðstöðu fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun og tómsundastarf. 3. Skol vantar. 4. Búningsaðstöðu fyrir starfsfólk vantar. 5. Vaktherbergi vantar. <p>Áætlaðar endurbætur:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Endurnýjun á gluggum, áætlaður kostnaður 978.000 kr. 2. Viðbygging (reykherbergi) áætlaður kostnaður 755.000 kr. 3. Framkvæmdir standa yfir á 1. og 2. hæð. <p>Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur er 1.733.000 kr.</p>
<p>Sjúkrahúsið og heilsugæslan Akranesi (öldrunardeild)</p> <p>Byggingarár: 1952</p> <p>Stærð 532 m^{2*}</p> <p>Í eigu: R/S</p> <p>Rekstur: Föst fjárlög</p> <p>Dagvistun: Nei</p> <p>Þjónustumiðstöð: Nei</p> <p>Sjúkraþjálfunaraðstaða Já</p> <p>Iðjuþjálfunaraðstaða: Já</p> <p>Vistrými alls 21</p> <p>Hjúkrunarrými: 21</p> <p>Einbýli 9</p> <p>Tvíbýli 4</p> <p>Þrúbýli 0</p> <p>Fjórbýli 1</p> <p>Dvalarrými: Nei</p> <p>Deild fyrir heilabílaða: Nei**</p>	<p>* Þetta er stærð öldrunardeildarinnar.</p> <p>** Ekki er sérstök deild fyrir heilabílaða en fjögur rými henta fyrir þá.</p> <p>Þörf á endurbótum á næstu árum að mati forstöðumanna: Eingöngu er þörf á hefðbundnu viðhaldi og eftirliti á næstu árum. Innréttingar og aðstaða starfsmanna og vistmanna var endurnýjuð á árunum 1996–1997.</p> <p>Áætlaðar endurbætur: Endurnýja þarf öll rúm deildarinnar sem flest eru 20 ára og eldri. Annað hefðbundið viðhald. Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur 5,5 m.kr.</p>

St. Franciskusspítali, Stykkishólmi		
Byggingarár:	1935	
Stærð	4.791 m ² *	* Stærð sjúkrahúss og heilsugæslu er samtals 4.791 fm.
Í eigu:	E/F	1984 var byggt við stofnunina 2.565 m ² (sjúkrahús) og 407 m ² (heilsugæsla). Upplýsingar um þann hluta sem nýttur er fyrir hjúkrunarrými aldraðra eru ekki aðgreindar. Sjúkrarúm eru samtals 42, þar af 14 rými fyrir aldraða.
Rekstur:	Föst fjárlög	
Dagvistun:	Nei	
Þjónustumiðstöð:	Nei	
Sjúkraþjálfunaraðstaða	Já	Þörf á endurbótum á næstu árum að mati forstöðumanna:
Iðjuþjálfunaraðstaða:	Nei	Þörf er á ýmsum endurbótum og viðhaldi á spítalanum í heild, bæði utan húss og innan, en upplýsingar sem varða öldrunarrýmin eru ekki aðgreind frá öðru. Áætlaður kostnaður við nauðsynlegar endurbætur er um 10 m.kr.
Vistrými alls	14	
Hjúkrunarrými:	14	
Einbýli	1	
Tvívýli	5	
Þrívýli	1	
Dvalarrými:	Nei	
Deild fyrir heilabílaða:	Nei	

SVÆÐI 4

